

Mættir:	Margrét Friðriksdóttir skólameistari, Flosi Eiríksson formaður skólaneftndar, Magnea Lilly Friðgeirsdóttir, María Guðjónsdóttir, Steinþór Jónsson, Anna María Bjarnadóttir, Guðbjörn Sigurmundsson fulltrúi kennara,
Forfallaðir:	Hrafn Ágúst Björnsson fulltrúi nemenda, Sigríður H. Hrafnkelsdóttir fulltrúi foreldra
Staður:	Þjórnarými
Tími:	Kl. 12:00-13:00
Dags.:	18. apríl 2018

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
1.	Flosi Eiríksson formaður skólaneftndar setti fundinn kl. 12:07.	FE	30 sek.
2.	Lýðræðisvikan 9. – 12. apríl og „Ég kys“:	MF	10 mín.
	Sett upp heimasíða fyrir verkefnið: „Ég kys“. Verkefnið náði hápunkti sínum þegar settur var upp kosningafundur þar sem forystumenn allra flokka mættu og kynntu sín málefni. Alls níu framboð. Klst. fundur. Nemendur niður í 16 ára gátu kosið (skuggakosning). Niðurstöður verða síðan birtar samhliða niðurstöðum kosninganna. Þriðja skiptið sem þetta verkefni er keyrt hér í skólanum. Skólaneftndin fagnar þessu framtaki.		
3.	Rekstraráætlun 2018	MF	6 mín.
	M.F. lagði fram og kynnti rekstraráætlun skólans fyrir 2018. Innritunargjald 6.000 kr. per nemanda, sem rennur beint til ríkisins. 118 milljónir eru sértekjur (efnisgjöld). Óvissa með þennan lið (efnisgjöld) þar sem skv. ákvörðun ráðuneytisins verða efnisgjöld framvegis ekki innheimt, en verður bætt af Ríkissjóði. Rekstargjöld eru áætluð 1,3 milljarður. Þar af fer langstærstur hluti í laun eða tæpur 1,1 milljarður. Framlag úr Ríkissjóði 1,2 milljarður. Gert ráð fyrir hagnaði upp á 261 þús. 25 milljón króna innistaða frá fyrra ári.		
4.	Rekstrarstaða janúar-mars 2018:	MF	5 mín.
	MF lagði fram og kynnti rekstrarstöðuna fyrir janúar til mars sl. Yfirvinna mun lækka frá og með næsta hausti. Fjárheimildir frá Ríkissjóði og sértekjur nema 326 milljónum. Eftir þriggja mánaða uppgjör eru 16 milljónir í afgang.		
5.	Niðurstöður könnunar á líðan nemenda í MK	MF	25 mín.
	Baldur Sæmundsson áfangastjóri verknámsins kynnti niðurstöður spurningakönnunar sem framkvæmd var á líðan nemenda í MK. Margt athyglisvert og umhugsunarvert sem kom út úr könnuninni. Svörunin var í það heila góð, sem dæmi var svörun dagsskólanema 69%, sem er mjög gott. Talsvert fleiri kk en kvk sem svöruðu. 16% svarenda voru eldri en 20 ára. 40% aðspurðra töldu að sér gengi vel í skólanum. Aðspurð varðandi mætingu, sögðu 30% hana vera mjög góða hjá sér, 13% sögðust mæta frekar illa. Fram kom að 71% nemenda vinna með náminu. 20% segja vinnuna hafa góð áhrif á námið. 62% sögðust ekki vita hvort hún hefði áhrif en 18 % aðspurðra sögðu vinnu samhliða námi hafa slæm áhrif á námsframvindu. Fram kom að 75% nemenda stunda einhvers konar íþróttir. 36% nemenda sögðust vera mjög ánægð með að fá frítt kort í Sporthúsið 36%. Á óvart kom hversu margir nemendur borða morgunmat en hlutfall þeirra er 60%. Helmingur aðspurðra sögðust hafa eignast vin í MK. 57% mæta á félagsviðburði. 9% nemenda líður frekar eða mjög illa í skólanum sem er áhyggjuefni. Tveir öflugir námsráðgjafar eru starfandi við skólann en enginn sálfræðingur. 39%		

	nemenda þjást af þunglyndi, kvíða eða hvorutveggja. 85% nemenda búa enn í foreldrahúsum. Bókun skólanefndar. Könnunin sýnir það að mikilvægt er að nemendum framhaldsskóla landsins standi sálfræðimeðferð til boða.		
6.	Önnur mál	MF	13 mín.
a.	Útskrift skólans	MF/FE	2 mín.
	Verður haldin dagana 25 og 26. maí		
b.	Næstu fundir skólanefndar:		
	Skólanefndin á eftir að hittast einu sinni fyrir útskrift skólans í vor.		
c.	Bakaraíðn		
	Fram kom að í bakaraíðninni eru sex stelpur og þrír strákar.		
7.	Fundi slitið	FE	15 sek.
	Formaður sleit fundi kl. 13:14		

Fundarritari: Anna María Bjarnadóttir